

Nd.

408. Nefndarálit

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 5, 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum.

Frá bjargráðanefnd.

Nefndin hefir nú athugað frumvarp þetta. Er aðalbreytingin frá núgildandi lögum í því fólgin að heimila stjórninni að banna innflutning á vörum til landsins, nema leyfi hennar sje fengið til þess, og að ákveða, hvað mikið skuli lagt á vöruna.

Nefndin telur rjett að veita stjórninni heimild til að banna innflutning á vörum, en ætlast til, að eigi sje heftur innflutningur á neinni vöru, sem snertir iðnað eða framleiðslu, nje nauðsynjavöru til fæðis og klæðis.

Að því er ákvæðið snertir um, að stjórnin megi ákveða, hve mikið skuli lagt á vörur þær, sem að flytjast, þá telur nefndin ákvæði þetta óljóst, og ef til vill ofaukið, á meðan lög nr. 10, 8. sept. 1915, um heimild ráðherra Íslands til að skipa nefnd til að ákveða verðlag á vörum, eru í gildi. Nefndin álitur því rjettast að láta ákvæði um þetta efni að eins ná til heilðsöluverslunar, og þar sem innflutningsnefnd er nú skipuð, sem getur krafist að fá að sjá alla reikninga heilðsala, þykir nefndinni eðlilegast, að sú nefnd hafi hjer eftir eftirlitið með söluverði heilðsalanna. Hins vegar mun bjargráðanefndin koma fram með tillögu um að veita stjórninni heimild til, eftir tillögum bæjarstjórna, að skipa verðlagsnefnd í hverju bæjarfjelagi, sem mundi hafa eftirlit með söluverði innlendra og útlendra vara í smásölu.

Samkvæmt því leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu.

BREYTINGARTILLAGA.

Við 2. grein, síðasta málslið.

Fyrir orðin »hve mikið skuli lagt á vöruna« komi:
hve mikið megi leggja á vöruna í heildsölu.

Alþingi, 24. júní 1918.

Sigurður Stefánsson,
formaður.

Pjetur Jónsson,
skrifari.

Björn Kristjánsson,
framsögumaður.

Jörundur Brynjólfsson.

Þorsteinn Jónsson.

Pjetur Þórðarson.